

1
8. jan. Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. janúar 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

2
11. jan.

REGLUGERÐ

um mat bifreiða til ákvörðunar gjalds samkvæmt 31. gr. laga nr. 100
29. desember 1948.

1. gr.

Verð bifreiðar, sem leggja skal til grundvallar gjaldi í rikissjóð samkvæmt 31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, skal metast sem næst því, er ætla má, að selja megi bifreiðina á frjálsum markaði á þeim tíma, sem kaupin fara fram og eigendaskipti eru skráð, en samkvæmt 16. gr. laga nr. 23 16. júní 1941, skal sú skráning fara fram tafarlaust.

Þótt bifreið hafi verið afskráð sem ónýtt, skal greiða gjald af henni, ef hún verður skráð af nýju og eigendaskipti hafa orðið.

2. gr.

Hver bifreið skal metin af tveim dómkvöddum mönnum. Í Reykjavík og fleiri kaupstöðum, ef ástæða þykir til, skal dómari lögilda 2—8 menn, eftir þörfum, til að annast mat, þegar lögreglustjóri kveður þá til þess. Þóknun matsmannanna skal vera kr. 50 til hvors fyrir hverja matsgerð, og greiðist hún úr rikissjóði.

Yfirmats getur hvor sem er krafizt, gjaldandi eða rikissjóður, og skal dómkveðja í það 3 menn. Kostnað við yfirmat skal sá bera, sem þess krefst, nema matið breytist að minnsta kosti 10% honum í vil.

3. gr.

Matsmenn skulu framkvæma matið svo fljótt sem kostur er á, eftir að lögreglustjóri hefur tilkynnt þeim um bifreið þá, sem meta skal. Matsgerðina skulu þeir síðan afhenda lögreglustjóra undirritaða.

Nú er óskað mats á bifreið, þótt kaup hafi ekki enn átt sér stað, og skal þá meta hana, en matsbeiðandi skal fyrst setja lögreglustjóra nægilega tryggingu fyrir matskostnaðinum og greiða hann síðar, ef ekki verður úr kaupum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.